

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 387. fundur

Miðvikudaginn 6. mars 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 7:30.

#### Mætt voru:

Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB) sem stýrði fundi.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri Seltjarnarnes sem áheyrnarfulltrúi.

#### Dagskrá stjórnarfundar:

1. Útboð á akstri – staðan

#### Tekið fyrir:

##### 1. Útboð á akstri

Sigurður G. Jónsson, ráðgjafi frá Cowi og Guðmundur Siemsen lögmaður tóku sæti á fundinum undir þessum lið. Sigurður fór yfir stöðuna eftir að bjóðendur skiluðu inn verðtillögu og þau atriði sem skýra þarf betur, áður en óskað er eftir frekari upplýsingum frá bjóðendum. Samkeppnisviðræður eru á 2. þrepi en haldnir hafa verið fundir með bjóðendum þar sem þeir fara yfir tillögu sínar að framkvæmd þjónustunnar. Stjórn óskar eftir minnisblaði varðandi hleðsluinnviði.

Fundi slitið um 8:10

---

Alexandra Briem

---

Hrannar B. Eyjólfsson

---

Andri Steinn Hilmarsson

---

Kristín Thoroddsen

---

Lovísa Jónsdóttir